

26. stjórnarfundur Leiknar 17. mars 2009 kl. 10.30-11.30 haldinn í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Skeifunni 8.

Mættir: Guðjónína Sæmundsdóttir, María Hildipórsdóttir, Hildur Elín Vignir og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir. Hulda Ólafsdóttir kom kl. 11. Emil Björnsson var á símafundi frá kl. 11. Finnur Gunnþórsson boðaði forföll. Hildur Elín vék af fundi 11.20.

Dagskrá lá fyrir í 5 liðum.:

- 1) Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin var samþykkt.
- 2) Fjárhagsáætlun ársins 2009. Gert er ráð fyrir félagsgjöldum 768.400 og vaxtatekjur 140.000 samtals 908.400 í heildartekjur. Útgjöld eru aðkeypt þjónusta 200.000, rekstur heimasíðu 140.000 og árgjald 120.000 en gæti verið hækkun á því. Norrænt samstarf er áætlað 240.000, þ.e. ferð Ínu um 115 þús. og 125 vegna fundar í haust. Fundar- og rekstrarkostnaður 200 þúsund, sem varðar að mestu fundinn núna í mars. Síðan er annar kostnaður og miðað við þetta er rekstrartap 15 þús.
- 3) Aðalfundur. Fjárhagsuppgjör vegna ársins 2008. Tekjur 849.000, sem eru félagsgjöld og vaxtatekjur. Kostnaður 474 þús, sem skiptist í aðkeypta þjónustu, rekstur heimsíðu, árgjald í EAEA og þjónustugjöld og fjármagnstekjuskattur. Rekstrarhagnaður er 375 þús. Á árinu var ekki farin nein ferð á norræna fundi, ekki var haldin ráðstefna og ekki gerður þjónustusamningur síðari hluta ársins. Heildareign Leiknar um áramót er 1.673.371. Dagskrá fundarins er tilbúin. Emil hefur samþykkt að vera fundarstjóri. Stjórnarmenn skiptu á sig verkum vegna aðalfundar. Kjósa þarf formann árlega. Kristín og Smári hafa verið skoðunarmenn reikninga. Stjórn er sammála um að leggja til að Ína haldi áfram sem formaður Leiknar.
- 4) Ráðstefna. Dagskrá hefur verið send út. Skráning er hjá Lenu. Ekki er ljóst hve margir hafa skráð sig, þar sem Lena er í frí. Fyrir lá matseðill frá Flughóteli og var ákveðið að taka ódýrasta hópmatseðilinn. Sent hefur verið út á alla sem taka þátt í dagskrá og þeir hafa ekki gert athugasemdir. Ína verður ráðstefnustjóri. Æskilegt er að stjórnarmenn upphugsí spurningar til pallborðs. Hulda mun senda þrjár spurningar á pallborðsmeðlimi og gera þeim grein fyrir fyrirkomulagi pallborðs. Á síðara degi mun Hróbjartur stýra kaffihúsaumræðum. Ræða þarf við hann um það. Ína og Hulda munu gera það. Samþykkt að biðja Lenu að útbúa nafnspjöld á þátttakendur.
- 5) Önnur mál. Ekki voru tekin fyrir nein mál.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 11.30.

---